

4. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi, til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 382 20. des. 1973, um grandara- og línuspil.

Samgönguráðuneytið, 16. júní 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

15. júní 1978.

Nr. 237.

REGLUGERÐ

**um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði
Vörubílstjórafélags Ísfirðinga.**

1. gr.

Reglugerð þessi nær til félagssvæðis Vörubílstjórafélags Ísfirðinga, en það nær yfir Ísafjörð, Bolungarvík og Norður-Ísafjarðarsýslu.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 20, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Tölu þessa má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélags Ísfirðinga, Vinnuveitendasambands Vestfjarða, bæjarstjórnar Ísafjarðar, bæjarstjórnar Bolungarvíkur og sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu.

3. gr.

Leiguakstur telst þegar vörubifreið er seld til leigu ásamt öikumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

Vörubifreiðar félagsins skulu auðkenndar árlega með sérstöku merki.

4. gr.

Tvisvar á ári, þ. e. í aprílmánuði og októbermánuði, veitir Vörubílstjórafélag Ísfirðinga viðtöku nýjum umsóknum um félagsréttindi manna, er eiga vörubifreið og vilja stunda leiguakstur til vöruflutninga. Skal þá, er fjöldi leigubifreiða innan félagsins er kominn niður fyrir töluna 20, bæta við þeim fjölda er nægir til þess að ná hámarkstölunni.

Gildar umsóknir skulu teknar til greina aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð, en þó þannig að hlutfall félagsmanna milli Ísafjarðar, Bolungarvíkur og Norður-Ísafjarðarsýslu raskist eigi verulega frá því sem verið hefur.

5. gr.

Reglugerð þessi tekur eigi til sendiferðabifreiða. Enn fremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru í eign einstakra fyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigu-bifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 15. júní 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1978.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á fiskimjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. sept. 1978:

Fiskmjöl, \$ 6.60 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður ekkert.

Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, \$ 1 = 259.50.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 60% af verðbreytingum frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. júní 1978.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

REGLUR

um skráningu og öryggisbúnað opinna skemmtibáta 6 m. og lengri o. fl.

1. gr.

Skráning skemmtibáta, skoðun o. fl.

- 1.1. Skemmtibátar 6 metra og lengri eru lögum samkvæmt skráningar- og skoðunarskyldir.
- 1.2. Skráningin fer fram hjá Siglingamálastofnun ríkisins eða sýslumönnum og bæjarfógetum, gegn framvísun eignarheimildar (þinglýstrar sé báturinn 5 brl. eða stærri) og mælibréfs.
- 1.3. Við skráningu er bátnum úthlutað skráningarnúmeri með bókstaf fyrir aftan, skal það málað á báða bóga hans.
- 1.4. Báturinn skal skoðaður áður en hann er tekinn á skrá og síðan árlega. Að skoðun lokinni skal honum gefið haffærisskirteini, sé honum í engu ábótavant að mati skoðunarmanna.
- 1.5. Smíði skemmtibáta innanlands er háð eftirliti Siglingamálastofnunarinnar, ennfremur er innflutningur þeirra háður leyfi hennar.